FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT




KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 28. maí 2022






Íslendingar hafa verið duglegir að taka þátt í prófunum hjá TARAMAR, Gróa Pétursdóttir mælir teygjanleika í húð Jóhönnu Guðmundsdóttur, þátttakanda í prófun á nærukreminu. Virkni varanna hefur verið staðfest af óháðum ransóknaraðilum í Frakklandi. MYND/AÐSEND

# Fjöldi fólks hefur tekið þátt í þróun á TARAMAR húðvörum

Margverðlaunuðu húðvörunar frá TARAMAR byggja á íslensku hugviti. Dr. Guðrún Marteinsdóttir og dr. Kristberg Kristbergsson, prófessorar við Háskóla Íslands, þróuðu snjallar leiðir til að nýta lífvirk efni úr náttúru íslands til að endurbyggja húðina. 2




300 Íslendingar eru eigendur TARAMAR og nærri 4.000 manns eru meðlimir í vildarklúbbi TARAMAR.



Kaupa má TARAMAR vörurnar á 25% afslætti á taramar.is með því að nota kóðann tm25.



ICEBLU serumið er dæmi um þrónarvöru sem stendur meðlimum í vildarklúbbi TARAMAR til boða.




Taramar kemur í vönduðum umbúðum.

Nýsköpunin á bak við TARAMAR vörurnar á uppruna sinn í tveimur ólíkum fræðasviðum innan Háskóla Íslands, en stofnendur TARAMAR, Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, eru bæði prófessorar, annars vegar við í Líf- og umhverfisvísindadeild og hins vegar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Guðrún segir að þar sem þau komi ekki úr lyfjageiranum, þar sem flestar húðvörur eru þróaðar, heldur úr fagsviðum matvæla- og sjávarlíffræði, þá hafi TARAMAR vörurnar orðið líkari matvælum heldur en venjulegum snyrtivörum, sem oft innihalda efni sem ekki má borða og jafnvel efni sem hafa slæm áhrif á húð og innra umhverfi líkamans.

„Það var vissulega eitt af markmiðum okkar að vörurnar okkar yrðu svo hreinar að það mætti tæknilega borða þær. Það hefur tekist og í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið,“ segir Guðrún.

„Þegar ég fór fyrst að skoða innihaldsefni í húðvörum þá má segja að ég hafi orðið fyrir smá sjokki. Það er eiginlega ótrúlegt hvaða efni má finna í þessu vörum, en almennt eru þetta ódýr efni sem maður er vanur að sjá í flísalími, málningu eða jafnvel í dekkjum undir bifreiðar,“ segir Guðrún. „Þetta eru efni sem eru framleidd í milljónum tonna og hægt að kaupa mjög ódýrt. Það gerir mann vissulega reiðan að sjá síðan þessi sömu efni komin í flottar og glitrandi krukkur og seld sem rándýr krem.“

**Nýtum vísindin til að skilja leyndardóma náttúrunnar**

Rannsóknir okkar beinast bæði að náttúrulegu efnunum sem finna má í jurtunum og íslenskum þörungum, sem og samsetningu á formúlum þannig að þær séu í jafnvægi og að öll efnin vinni saman. Það er ákaflega sérkennilegt að sjá hvað lítil hugsun hefur farið í mótun uppskrifta í þessum iðnaði. Þannig er algengt að sjá mikinn fjölda efna (oft 40-100 efni) í einni húðvöru og það þarf ekki mikla speki til að sjá að þessi efni geta aldrei unnið öll saman í fullkomnu jafnvægi. Við þetta myndast spenna í formúlunni og margir finna það þó þeir geti ekki greint

> **„Það var vissulega eitt af markmiðum okkar að vörurnar okkar yrðu svo hreinar að það mætti tæknilega borða þær. Það hefur tekist og í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið.**

ástæðuna. Okkar rannsóknir sýna að þegar fullkomið jafnvægi ríkir í formúlunni, þá er árangurinn margfalt betri og vellíðan þeirra sem njóta verður meiri.

Allar TARAMAR vörurnar eru settar saman þannig að náttúrulegu efnin vinna saman í jafnvægi og mynda samhljóm af lífvirkni sem er í raun stórkostleg. Virkni varanna hefur verið staðfest af óháðum rannsóknaraðilum í Frakklandi og sýnt með mælingum fram á að þær meðal annars auka raka og ljóma, þétta húðina og draga úr hrukkum. Þannig má oft sjá fyrsta árangur á nokkrum dögum en einnig má sjá hvernig húðin batnar og batnar frá einum mánuði til annars. Margir tala um að eftir nokkurn tíma sé húðin í raun komin í lag og þeir þurfi mun minna á húðvörum að halda.

**Hundruð Íslendinga hafa tekið þátt í þróun TARAMAR húðvara**

Alveg frá upphafi hafa mjög margir tekið þátt í stofnun og þróun TARAMAR á Íslandi. Þannig eru fleiri en 300 Íslendingar eigendur TARAMAR og nærri 4.000 manns eru meðlimir í vildarklúbbi TARAMAR. Fleiri hundruð manns hafa tekið þátt í prufuhópum og verkefnum sem stundum spönnuðu marga mánuði. Niðurstöður úr þessum prófunum hafa verið mikilvægar og haft áhrif á þróunina. Í sumum tilfellum hafa orðið til nýjar vörur sem svar við óskum notenda TARAMAR. Í dag er nýja ICEBLU línan í prófunum og meðlimir í vildarklúbbi TARAMAR geta nýtt sér það og nálgast fríar vörur til að prófa þegar þeir versla í vefversluninni. n

Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í þróun hjá TARAMAR er bent á að skrá sig í vildarklúbbinn á taramar.is. Þeir sem hafa áhuga á að gerast einn af eigendum TARAMAR geta sent fyrirspurn á info@taramar.is. Í dag er minnst hægt að kaupa B-hluti (hlutur án atkvæðaréttar) fyrir 100 þúsund krónur en þeim fylgir 40% afsláttur í vefverslun TARAMAR.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.